

Leiðbeiningar fyrir leigubílstjóra vegna COVID-19

Leiðbeiningar fyrir leigubílstjóra vegna aksturs með farþega, farþega í sóttkví eða með mögulegt COVID-19 smit (en einkennalaus). Tilgangur leiðbeininga er að verja leigubílstjóra og farþega fyrir hugsanlegu smiti.

Dregið úr hættu á COVID-19 kórónuveiru smiti



- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt. Forðast snertingu við augu, nef og munn.



- Hósta og hnerra í krepptan olnboga eða í pappír þegar um kvefeinkenni er að ræða.



- Forðist náðið samneyti við einstaklinga með hósta og almenn kvefeinkenni.



- Sýna aðgát í umgengni við algenga snertifleti á fjölförnum stöðum, s.s. handrið, lyftuhnappa, snertiskjái, greiðsluposa og hurðahúna.



- Heilsa frekar með brosi en handabandi eða faðmlagi.

Bílstjórinn

- Skal gera ráð fyrir að hann sé útsettur fyrir mögulegu COVID-19 smiti í akstri með farþega og skal gera allt sem hann getur til að verja sig og farþega sína fyrir mögulegu smiti.
- Skal kynna sér reglur um smitgát og hvetja farþega til að gæta að eigin nándarmörkum (valkvæð 2 metra regla).
- Skal halda framsæti (farþegasæti) auðu þegar kostur er.
- Má flytja einstaklinga sem eru á leið í sóttkví (t.d. frá flugvelli og heim) en þá þarf bílstjóri að gæta sérstakra varúðarráðstafana, ef kostur er:
 - Tryggja aðskilnað milli sín og farþega. Best er ef bíllinn er það stór að 2ja metra aðskilnaður sé á milli bílstjóra og farþega.
 - Fækka farþegum um helming, það er fjögurra manna bifreið getur flutt tvo í aftursæti með laust sæti á milli. Stór bíll sem hefur leyfi fyrir átta farþega, flytur að hámarki fjóra farþega sem eru á leið í sóttkví. Undantekið er fólk úr sömu fjölskyldu eða fólk sem býr á sama heimili.
 - Bílstjóri sem flytur farþega á leið í sóttkví ætti að hafa einnota hanska til afnota fyrir sig og farþega.
- Má ekki flytja veika farþega, þ.e. farþega með einkenni COVID-19 sem eru helst þessi: Hiti, kvafeinkenni, hósti, hálsþærindi.
- Biður fólk að skilja farangur eftir við farangursrými → gengur frá farangri → sóttþreinsar hendur áður en ferð er hafin eða notar hanska ef farþegi er í sóttkví. Ef farþegi er nægilega heilsuhraustur er best að hann gangi sjálfur frá farangri sínum í farangursrými og spritti hendur á eftir.
- Á áfangastað, þá sprittar bílstjóri hendur áður en hann opnar og lokar farangursrými eða noti hanska ef farþegi er í sóttkví. Ef farþegi er nægilega heilsuhraustur er best að hann taki sjálfur úr farangursrými og spritti hendur áður og á eftir.
- Þrifur og sóttþreinsar bíllinn eftir ferð skv. leiðbeiningum sóttvarnalæknis. Notar hanska eða þvær hendur vel á eftir. COVID-19 veiran drepst í snertingu við sápu/sóttþreinsandi efni (t.d. Virkon 1%). Best er ef skipt er um tusku eftir hver þrif/eða nota einnota klúta. Tuskur má þvo á hefðbundinn hátt í þvottavél (60°C). Mælt er með að þvo sæti með sápu/leiðbeiningum eftir flutning eins og við á en a.m.k. daglega og ávallt eftir flutning farþega í sóttkví.
- Ef bílstjóri er í áhættuhópi ætti hann að sýna sérstaka varúð til að tryggja öryggi sitt og fylgja leiðbeiningum til að koma í veg fyrir smit milli sín og farþega. Bílstjóri í áhættuhópi ætti ekki að flytja farþega í sóttkví nema að hann geti tryggt aðskilnað milli sín og farþega eins og með skilrúmi og/eða fjarlægð.

Bíllinn

- Leiðbeiningar sóttvarnalæknis um smitgát skulu vera festar aftan á sætin svo þau séu sýnileg farþegum.
- Handspritt, þurrkur og ruslapokar séu ávallt aðgengilegir fyrir bílstjóra og farþega.
- Snertilaus greiðsluleið/posi sé til staðar.

Bent er á mjög góðar leiðbeiningar á [covid.is](https://www.covid.is) og [vef embættis landlæknis til framlínufólks í atvinnulífinu](https://www.vef.embattis.is) varðandi smitgát og þrif.